

Reykhólahreppur  
Maríutróð 5a  
380 Reykhólahreppur

Reykjavík 30. júlí 2019  
UST201906-220/B.S.  
10.04.02

### **Efni: Breyting á aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 - 2018 - Vestfjarðavegur frá Bjarkarlundi að Skálanesi. Umsögn**

Vísað er til bréfs Reykhólahrepps dags. 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps.

Um er að ræða 17,1 km langa vegagerð í Reykhólahreppi frá Bjarkarlundi að Skálanesi um Teigsskóg og þveranir Djúpafjarðar og Gufufjarðar. Þetta er svokölluð leið Þ-H en í umhverfisskýrslu er ítarlegur samburður leiða Þ-H, R, D2 og A3 sem er útfærsla Vegagerðarinnar á leið R.

Ítarlegur samburður er gerður á þessum leiðum og er niðurstaða sveitarfélagsins eftirfarandi: „Sveitarstjórn telur að leið Þ-H muni hafa neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, sem felast helst í áhrifum á landslag, birkiskóg, sjávarfitjar og leirur. Sveitarstjórn hefur leitað leiða til að draga sem mest úr áhrifum og aflað frekari gagna til að draga úr óvissu. Sveitarfélagið telur ljóst að leið Þ-H hafi umfangsmeiri neikvæð umhverfisáhrif í för með sér en leiðir D2, A3 og R.“

Rökstuðningu fyrir vali á leið Þ-H þrátt fyrir neikvæð umhverfisáhrif eru m.a eftirfarandi: „Leiðir D2 og R eru síðri en leið Þ-H og A3 hvað varðar umferðaröryggi. Leiðir D2 og A3 kunna að hafa alvarleg neikvæð samfélagsáhrif, ef fresta þarf framkvæmdum vegna kostnaðar og forgangsroðunar fjármuna til vegaf framkvæmda á landinu. Því telur Reykhólahreppur að leiðir D2 og A3 kunni ekki að uppfylla markmið með samgöngubótum eins og leið Þ-H.

Með breytingum sem hafa orðið á leið um Teigsskóg og skilmálum sem Reykhólahreppur setur framkvæmdinni telur sveitarstjórn að dregið hafi verið sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Ávinningur af framkvæmdinni er hins vegar slíkur að hann réttlæti það rask sem verði á umhverfinu. Ávinningur snýr að hagsmunum íbúa sveitarfélagsins og Vestfjarða, með því að bæta verulega samgöngur og auka umferðaröryggi.“

Bent er á í greinargerð að ráðist hefur verið í aðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum veglagningar um Teigsskóg sem felast m.a. í:

- Veglínu hagað þannig að hún sneiði hjá fornleifum og votlendi
- Frá fyrstu hugmyndum hefur verið dregið úr raski á Teigsskóg um rúmlega 30 ha. Sem felst m.a. í breyttri legu vegstæðis og fallið frá efnistöku í skóglendinu.
- Fyrri leið í gegnum Teigsskóg (leið B) hafði verið í um 6 km í skóglendi en núverandi leið Þ-H er um 2,15 km í skóglendi
- Breytingar voru gerðar á hæð vegarins yfir landi til að draga úr sjónrænum áhrifum og

*minnka rask vegna vegagerðar Einnig hafði verið gert ráð fyrir efnistoku til vegagerðar*

*við veglínu í Teigsskógi en vegna breyttrar legu og lækkunar vegarins yfir landi þarf nú rúmlega 300 þús m<sup>3</sup> minna efni til vegagerðar sem veldur minna raski*

*• Frá fyrstu hugmyndum um þverun fjarða hefur verið dregið úr líklegum neikvæðum áhrifum með því að lengja brýr og stækka op með dýpkun botns (úr 4 í 4,5 m) til þess að minnka straumhraða Aðgerðir miða að því að straumhraði verði um 2,0 m/s, en áður var miðað við 2,5 m/s Með þessu er stuðlað að því að full vatnsskipti geti átt sér stað án verulegra tafa frá náttúrulegu ástandi Slíkt hefur samkvæmt Hafrannsóknarstofnun og Náttúrustofu Vestfjarða, áhrif á vaxtarskilyrði fiskungviðis, marhálms, botnrof og sjávarfítjar og leirur*

*• Reykhólahreppur gerir krefju um að tvær brýr verði við þverun Djúpaþfjarðar til að draga sem kostur er úr áhrifum á lífríki fjarðarins*


*Þrátt fyrir ofangreindar aðgerðir er Reykhólahreppi ljóst að áhrifin verða talsverð neikvæð á náttúrufarshætti og mikilvægt að grípa til mótvægisáðgerða s s endurheimt birkiskógar og votlendis, en jafnframt að fylgjast með þróun umhverfisþátta eftir framkvæmdir “*


Í greinargerð kemur fram að sveitarstjórn telur að leitað hafi verið leiða til að forðast rask á svæði nr. 303 á náttúruminjaskrá. Niðurstaða sveitarstjórnar er sú að almannahagsmunir krefjist þess að svæði nr. 303 á náttúruminjaskrá verði raskað. Bent skal á að umsogn Umhverfisstofnunar þarf að liggja fyrir áður en veitt er framkvæmdaleyfi sem felur í sér rosun á svæði á náttúruminjaskrá, sbr 2. mgr 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd Einnig skal bent á 2. mgr. 13 gr. laga nr 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir *Við útgáfu leyfis til framkvæmdar (samkvæmt flokki A) skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rokstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar Leyfisveitandi skal birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis Í ákvörðun skal tilgreina kærueimild og kærufrest þegar það á við*

Umhverfisstofnun telur jákvætt að legu vegar um Teigsskóg sem sýnd á aðalskipulagi er þannig að hún liggur ekki um Teigsskóg um brekkur og fjórir, heldur virðist vera nánast alfarið ofan við fjöruborð og neðan við brekkur. Stofnunin telur jákvætt að umhverfismat hafi leitt í ljós ótvíræða kosti og galla þeirra leiða sem skoðaðar hafa verið

Umhverfisstofnun telur greinargerð Reykhólahrepps ítarlega og umfjöllun um valkosti góða.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri